

# Framfara þjóðfélag.

## I.

Margt ömurlegt má í blöðnum lesa, tilindi af hörmungum og slysförum; en sumt er þar aftur ánægjulegt, eins og t. d. sú frétt, að maður sem sakir heilsubrests, hefir á einu ári fengið hb. 7000 kr. styrk úr bæjarsjóði (og er sennilegast, að árstejkjur þessar hafi verið skattfrjálsar). Pannig á það að vera, að þjóðfélagið eða bæjarfélagið, veiti þeim sem í nauðir rata, þá hjálp, sem þeir þurfa. En mér virðist, sem hjálp eigi ekki síður að veita, þó að þeir sem hennar þurfa, vinni eitt-hvert menningarstarf, og það jafnvel af sjaldgæfara tagi. Og svo er nú einmitt ástatt um mig. Álþingi hefir nú um nokkur ár, ekki álítið þess vert, að sinna þeim tilmælum minum að hækka laun míni, og þó ekki svo að eg geti t. d. leyft mér það óhóf að fá mér vetrarfrakka eða láta binda bækur minar, heldur aðeins þannig, að skuldir og skattar verði mér ekki að fullkomnum vandræðum. Vil eg enga dul á það draga, að eg hygg mig hafa fullkomlega til þess unnið, að geta síðstu ár

Útvar /Særíð 1936

ævi minnar stundað viðfangsefni míni, án þess að fjárskortur sé því stórlega til fyrirstöðu. Og bið eg vel að gæta þess, að eg er ekki að fara fram á nein óhófslaun, heldur aðeins það sem eg get komist af með minst, til nauðsynja, skatta og skulda. Er mér það sérstök ánægja að borga skattana, ársgjöld míni sem meðlimur þjóð- og bæjarfélags; — ef eg aðeins hefi peningana til þess. Skal það tekið fram, að til nauðsynja tel eg ekki bifreið, þó að það kæmi sér vitanlega vel að eiga slikan grip, vegna jarðfræðiðkana þeirra sem eg aldrei hefi lagt alveg niður.

## II.

Því smærra sem þjóðfélag er, því meiri haetta er á, að summar tegundir af óhagnýtu starfi verði þar ómögulegt að vinna. Eða réttara sagt, starfi sem virðist óhagnýtt, en er það raunar ekki, vegna áhrifa sinna á hugsunarhátt og menningarstig þjóðarinnar. Og því frumlegar sem starf af því tagi stefn-

ir, því meiri eru erfiðleikarnir á að því verði framgengt. Ærlömun frumlegrar hugsunar verður smáþjóðinni á ýmsan hátt til baga, og gerir henni jafnvel alveg ókleift, að öðlast þá tegund sjálfstæðis, sem mest er undir komið, og jafnvel er ómissandi ef þjóðin á að geta náð þeim þroska sem henni er hollastur og eiginlegastur.

### III.

Eg er einn af hinum óhagnýtu mönnum þjóðfélagsins. Hefi eg aldrei ætlað mér að vinna neitt af hinum vanalegu störfum, aldrei sótst eftir neinni stöðu, aldrei hugsað neitt um að komast áfram, sem kallað er. Eg hefi aðeins ætlað mér að vera fræðimaður og reyna til að átta mig á tilverunni, með þeim aðferðum, sem mér voru tiltæk ar. Hefir árangurinn af þessari viðleitni minni orðið meiri en likindi hefðu þótt til, þegar gætt er að erfiðleikunum, sem hafa verið miklir og að suðnu leyti jafnvel lygilegir, eins og eg hefi sagt nokkuð af hér í blaðinu i grein sem heitir „Nöoru mennin og aldaskiftin“.

Í velviljaðri grein um mig héi í „Visi“, var svo að orði komið að mig mætti kalla föður is lenskrar jarðfræði, og er slikt

vitanlega ofmælt, þó að vel megi skilja hvernig greinarnar höf hefir getað komið til hugar að viðhafa slik orð. — En það er alveg óhætt að segja, og hægt að sýna fram á, að enginn hefji unnið meir brautryðjandi verk í jarðfræði Íslands en eg; og er engum niðrað þó að slikt sé sagt. Eg tók að stunda heim speki skömmu eftir að eg haf leyst af hendi próf í náttúrufraeði, og í 34 ár hefir rannsókn á eðli draumlifssins verið sé grein min. Hafa þær rannsóknir leitt til viðtækari skilnings tilverunni en ég hafði gert mó nokkra von um að öðlast. Hefi eg uppgötvað lifið á stjörnum og er fyrsti maðurinn bessari jörð, sem litur fullkom lega náttúrufræðingsaugum lifið eftir dauðann. En slikt er talsvert þyðingarmikið og gæt Alþingi sannað það á skemtilagan hátt að svo er. Því að ek bessi merkilega samkoma veitti mér í einu hljóði þau laun sem viðunandi mættu teljast, þá mundi brátt koma í ljós, að slikur drengskapur miðaði ekki til halla fyrir ríkissjóðinn, heldur allri þjóðinni og þá vitanlega einnig hinum sameiginlega sjóði hennar til heilla og far seldar.

10. apríl.

Helgi Pjeturss.